
From: benedikt.arnason
Sent: mánudagur, 22. ágúst 2022 16:45
To: Páll Gunnar Pálsson - SAMK; Valur Þráinsson -SAMK
Cc: Þórunn Oddný Steinsdóttir
Subject: Stjórnunar- og eignatengsl - Drög að viljayfirlýsingu og samningi við Samkeppniseftirlitið
Attachments: Viljayfirlýsing um stjórnunar- og eignatengsl - drög - 19. ágúst 2022.docx; Samningur - kortlagning á stjórnunar- og eignatengsl - MAR og SE - drög 19. ágúst 2022.docx; Kostnaður vegna samnings við SKE.xlsx

Sælir Páll Gunnar og Valur

Vísa í samtal við Pál Gunnar á föstudaginn. Hér meðfylgjandi eru til frekari umræðu drög að viljayfirlýsingu ráðuneyta og stofnana og samningi MAR við SE.

Við í MAR viljum að það verði látið á það reyna á næstu þremur vikum, þ.e. fyrir þingsetningu, hvort samkomulag geti tekist á milli stofnana um fyrirkomulag af þessu tagi. Það verður ansi þröngt um tíma fyrir MAR ef það verður dráttur á samkomulagi.

Í samningsdrögum er kveðið á um 30 m.kr. kostnað sem MAR greiðir. Við erum þó tilbúin í 5 m.kr. til viðbótar, eða í hámark 35 m.kr., ef þið sjáið fyrir ykkur viðbótarkostnað sem tengist þessu starfi með beinum hætti annan en þann sem kemur fram í excel-skjalinu í viðhengi, svo sem eins og ráðgjafarnefnd með erlendum sérfræðingum eða eitthvað því um líkt. Geri ráð fyrir að hver stofnun tilnefni starfsmann í vinnuhóp og stofnunin greiði fyrir hann. MAR greiði hins vegar fyrir sérfræðing sem kemur til starfa í þetta tiltekna verkefni eða annað fyrirkomulag, ef SE vill t.d. fremur nýta sinn eigin starfsmann. Geri ráð fyrir að þessi sérhæfði starfsmaður sé dýr, umtalsvert yfir meðallaunum. Bæti svo við launtengdum gjöldum og álagi vegna fasts kostnaðar, svo sem búnaðar, ferðalaga o.fl. Geri ráð fyrir þessum greiðslum frá 1. september 2022 til 31. desember 2023.

Það væri óskandi að Seðlabankinn væri líka með í verkefninu frá fyrsta degi. Sé í raun ekki af hverju svo ætti ekki að vera.

Ég set Þórunni Oddnýju í afrit en hún mun sjá um lögfræðihlið sjávarútvegsstarfsins hjá okkur. Ég bið Val um að setja sig í samband við hana (s 694-1899) ef upp eru að koma lagaleg álitamál í vinnuhópi stofnananna. Svo erum líka bara tvær hæðir á milli.

Ég fæ að heyra í ykkur fyrir lok vikunnar um stöðuna. Ég er í burtu í næstu viku en ég mun óska eftir fundi með Guðmundi Árnasyni og Skúla Eggert í byrjun vikunnar 5. september.

bestu kveðjur
Benedikt



Benedikt Arnason, ráðuneytisstjóri / Permanent Secretary
Skrifstofa ráðherra / Department of the Minister
Matvælaráðuneyti / Ministry of Food, Agriculture and Fisheries
Borgartún 26, 105 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 9700
www.mar.is - Fyrirvari/Disclaimer

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing

Drög 19. ágúst 2022 - BÁ

Fjármála- og efnahagsráðuneytið, menningar- og viðskiptaráðuneytið, matvælaráðuneytið, Skatturinn, Samkeppniseftirlitið, Fiskistofa (og Seðlabanki Íslands) gera með sér svohljóðandi

Viljayfirlýsingu um sameiginlegan gagnagrunn um stjórnunar- og eignatengsl í íslensku atvinnulífi

Markmið

Sú þróun hefur átt sér stað á þessari öld í alþjóðlegu viðskiptalífi, þ.m.t. hinu íslenska, að fyrirkomulag eignarhalds í fyrirtækjum hefur orðið flóknara og ógagnsærra. Því hefur oft og tíðum reynst erfitt fyrir stjórnvöld og almenning að átta sig á fyrirkomulagi eignarhalds og tengslum á milli fyrirtækja. Stjórnvöld hafa brugðist við þessari þróun með setningu laga og reglugerða í því skyni að auka gagnsæi. Eftirlitsstjórnvöld hafa einnig brugðist við þróuninni með ýmsum ráðstöfunum en samstarf þeirra á milli hefur verið takmarkað.

Aðilar að viljayfirlýsingu þessari eru sammála um að eftirlitsstjórnvöld hefji vinnu við að kortleggja stjórnunar- og eignatengsl í íslensku atvinnulífi með samstarfi um sameiginlegan gagnagrunn. Stofnanirnar lýsa yfir vilja sínum til að efla samstarf sín á milli sem feli í sér sameiginlega þekkingaruppbyggingu og samnýtingu gagna sem nýtast við athuganir stofnananna, hverrar á sínu sviði. Þannig séu augljós tækifæri til þess að efla þekkingu, auka skilvirkni og gera viðkomandi stjórnvöld betur í stakk búin til þess að sinna hlutverki sínu.

Þau ráðuneyti sem eftirlitsstjórnvöldin heyra undir munu ekki koma að verkefninu en munu beita sér fyrir því að fjármagn fái til verkefnisins og að lög hindri ekki samstarf á milli þeirra, m.a. deilingu á gögnum og skráningu og birtingu upplýsinga.

Markmiðið með verkefninu er að stuðla að:

- Gagnsæi í eignarhaldi fyrirtækja
- Upplýstri stefnumótun stjórnvalda um regluumgjörð í atvinnulífinu
- Því að á hverjum tíma sé farið að lögum og reglum.

Hlutverk

Eftirlitsstjórnvöld á vettvangi atvinnulífs hafa mikilvægu hlutverki að gegna við kortlagningu stjórnunar- og eignatengsla. Hér má sérstaklega nefna Samkeppniseftirlitið, Skattinn og Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands en einnig má nefna eftirlitsstjórnvöld í einstökum atvinnugreinum, eins og Fiskistofu.

Samkeppniseftirlitið

Samkvæmt samkeppnislögum er það eitt hlutverka Samkeppniseftirlitsins að fylgjast með þróun á samkeppnis- og viðskiptaháttum á einstökum mörkuðum í íslensku viðskiptalífi og kanna stjórnunar- og eignatengsl á milli fyrirtækja. Skal þetta gert m.a. í því skyni að meta hvort í íslensku viðskiptalífi sé að finna einkenni hringamyndunar, óæskilegra tengsla eða valdasambjöppunar sem takmarkað geta samkeppni. Þá er enn fremur hlutverk stofnunarinnar að benda stjórnvöldum á leiðir til þess að gera

samkeppni virkari og auðvelda aðgang nýrra samkeppnisaðila að markaði. Skal eftirlitið birta skýrslur um athuganir sínar og grípa til aðgerða til að stuðla að virkri samkeppni þar sem það er nauðsynlegt.

Skatturinn

Stjórnunar- og eignatengsl geta haft mikið vægi í rannsókn skattayfirvalda, s.s. hvað varða almennt skatteftirlit, peningaþvætti, milliverðlagningu og stórfyrirtækjaftirlit. Þá býr stofnunin yfir víðtækum upplýsingum um rekstur, eignarhald og stjórnun íslenskra fyrirtækja, sem augljóslega hafa þýðingu við mat á stjórnunar- og eignatengslum sjávarútvegsfyrirtækja.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands fylgist með útlánagæðum lánastofnana og leggur í því sambandi mat á hvort áhættuskuldbinding gagnvart einum viðskiptaaðila eða hópi tengdra viðskiptaaðila fari yfir tiltekin mörk. Í því sambandi geta stjórnunar- og eignatengsl haft þýðingu. Sama getur átt við um mat á hæfi virkra eigenda í fjármálafyrirtækjum, eftirlit með peningaþvætti o.fl.

Fiskistofa

Ákvæði laga um stjórn fiskveiða um hámark aflahlutdeildar færir Fiskistofu þær skyldur á herðar að fylgjast með stjórnunar- og eignatengslum sjávarútvegsfyrirtækja til þess að tryggja að aflahlutdeild fari ekki yfir lögmælt mörk. Mat á tengdum aðilum í skilningi ákvæðisins er byggt á eðlislíku mati og framkvæmt er í samkeppnisrétti.

Framkvæmd

Framkvæmd verkefnisins verður með þeim hætti að fyrst verður farið í prufuverkefni um stjórnunar- og eignatengsl í sjávarútvegi fram til loka árs 2023 en fyrir þann tíma verði metið hvernig tekist hafi til með verkefnið og ákvörðun tekin um framhald verkefnisins.

Kortlagning á stjórnunar- og eignatengslum í íslensku atvinnulífinu er viðamikil og tímafrekt verkefni sem skynsamlegt er að vinna í skrefum. Matvælaráðuneytið vinnur að heildarstefnumótun í sjávarútvegi og hefur matvælaráðherra lagt til að kortlagning á stjórnunar- og eignatengslum í sjávarútvegi verði prufuverkefni áður en ákvörðun verður tekin um kortlagningu á stjórnunar- og eignatengslum í atvinnulífinu í heild. Matvælaráðherra stefnir að því að niðurstöður úr prufuverkefninu nýtist við stefnumótun í sjávarútvegi.

Stýrihópur prufuverkefnisins verður skipaður forstöðumönnum Samkeppniseftirlitsins, Skattsins, Seðlabankans og Fiskistofu. Hver stofnun tilnefnir jafnframt einn starfsmann í verkefnishóp. Matvælaráðuneytið gerir samning við Samkeppniseftirlitið um fjármögnun eins sérfræðings í gagnagrunnum eða annars sérhæfðs sérfræðings á meðan á prufuverkefnin stendur en Samkeppniseftirlitið er það stjórnvald sem hefur með höndum könnun á stjórnunar- og eignatengslum á milli fyrirtækja í íslensku atvinnulífi.

Prufutímabilið stendur frá 15. september 2022 til 31. desember 2023 og lýkur með skýrslu sbr. nánari umfjöllun í fylgiskjali 1.

Fyrir 31. október 2023 skulu aðilar að viljayfirlýsingunni meta hvernig til hefur tekist með verkefnið og taka ákvörðun um framhald þess, m.a. um fjármögnun.

Við undirbúning þessarar viljayfirlýsingar hefur starfshópur á vegum Samkeppniseftirlitsins, Skattsins og Fiskistofu skoðað heimildir í lögum til samstarfs eftirlitsstofnana sbr. nánari umfjöllun í fylgiskjali

2. Að mati..... (ef lagabreytinga þörf þá texti um að ráðuneyti beiti sér fyrir að frumvörp þess efnis verði lögð fyrir Alþingi á vorþingi 2023)

Reykjavík, x. september 2022

FJR, MVF, MAR
Skatturinn, Samkeppniseftirlitið, Fiskistofa, Seðlabankinn

Fylgiskjal 1 – Greining á stjórnunar- og eignatengslum sjávarútvegsfyrirtækja
Fylgiskjal 2 – Heimildir eftirlitsstjórnvalda til að leita upplýsinga og deila gögnum

Fylgiskjal 1 – Greining á stjórnunar- og eignatengslum sjávarútvegsfyrirtækja

Sjávarútvegur hefur verið og mun í fyrirsjáanlegri framtíð verða ein af mikilvægustu stoðum íslensks efnahagslífs. Af þeim sökum er brýnt að regluumgjörð um greinina styðji við framgang hennar og standi um leið vörð um almannahagsmuni sem henni tengjast. Meðal annars er mikilvægt að löggjöfin endurspegli pólitíska stefnumörkun um grundvallaratriði eins og eignarhald auðlinda og skiptingu aflaheimilda.

Á grunni stjórnarsáttmála og annarra áherslna matvælaráðherra vinnur matvælaráðuneytið nú að heildarstefnumótun á þessu sviði. Markmið matvælaráðherra með þessu starfi er að stuðla að hagkvæmri og sjálfbærri nýtingu sjávarauðlinda í sátt við umhverfi sitt. Mikilvægur liður í þessu starfi er kortlagning stjórnunar- og eignatengsla í sjávarútvegi.

Við athugun á leiðum til þess að kortleggja stjórnunar- og eignatengsl íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja hefur matvælaráðuneytið hugað að ýmsum leiðum. Þannig kom t.d. til greina að fá utanaðkomandi ráðgjafa eða sérfræðinga til verksins sem alfarið ynnu á ábyrgð ráðuneytisins.

Að undangenginni framangreindri skoðun er það hins vegar mat matvælaráðuneytisins að það hafi ótvíræða kosti í för með sér að kortlagning þessi fari fram á vettvangi eftirlitsstjórnvalda á þessu sviði.

Nánar tiltekið þarf kortlagningin að uppfylla eftirtalin skilyrði:

1. Hún taki til allra fyrirtækja sem fengið hafa úthlutun aflaheimilda með ákveðnum stærðartakmörkunum sem ákveðin verða á fyrstu stigum verkefnisins.
2. Hún varpi ljósi á eignarhald eins sjávarútvegsfyrirtækis (eða aðila, eins eða fleiri, sem hefur eða hafa yfirlit yfir sjávarútvegsfyrirtæki) í öðrum sjávarútvegsfyrirtækjum.
3. Hún varpi ljósi á eignarhald eins sjávarútvegsfyrirtækis (aðila, eins eða fleiri, sem hefur eða hafa yfirlit yfir sjávarútvegsfyrirtæki) í öðrum fyrirtækjum hér á landi, án tillits til þess á hvaða sviði þau starfa.
4. Hún varpi ljósi á áhrifavald eigenda sjávarútvegsfyrirtækja í gegnum beitingu atkvæðisréttar og stjórnarsetu í fyrirtækjum, sbr. afmörkun í liðum 2 og 3.
5. Hún auki gagnsæi um stjórnunar- og eignatengsl sem rakin eru í liðum 1-4.

6. Hún nýtist stjórnvöldum sem hafa hlutverki og skyldum að gegna samkvæmt kafla 2 hér að framan, bæði við þekkingaruppbyggingu og við beitingu lagafyrirmæla á viðkomandi sviði. Í þessu felst m.a. að tryggt sé að viðkomandi stjórnvöld geti nýtt upplýsingar sem verða til við kortlagninguna í sínum athugunum og að sjálfstæði eftirlitsstofnana til eftirlits og ákvarðanatöku verði ekki skert á neinn hátt.
7. Hún nýtist stjórnvöldum í stefnumótun sinni.

Drög 19. ágúst 2022 - BÁ

Matvælaráðuneytið, kt. XX og Samkeppniseftirlitið, kt. XX, gera með sér svohljóðandi

Samning

um skýrslu um stjórnunar- og eignatengsl í sjávarútvegi, í samstarfi við Fiskistofu, Skattinn og Seðlabanka Íslands

1. gr.

Markmið

Sjávarútvegur hefur verið og mun í fyrirsjáanlegri framtíð vera ein af mikilvægustu stoðum íslensks efnahagslífs. Af þeim sökum er brýnt að lög og reglugerðir á umræddu sviði styðji við framgang hennar og standi um leið vörð um almannahagsmuni sem henni tengjast. Meðal annars er mikilvægt að löggjöfin endurspegli pólitíska stefnumörkun um grundvallaratriði eins og eignarhald auðlinda og skiptingu aflaheimilda.

Á grunni stjórnarsáttmála og annarra áherslna matvælaráðherra vinnur matvælaráðuneytið nú að heildarstefnumótun á þessu sviði. Markmið matvælaráðherra með þessu starfi er að stuðla að hagkvæmri og sjálfbærri nýtingu sjávarauðlinda í sátt við umhverfi sitt. Mikilvægur liður í þessu starfi er kortlagning stjórnunar- og eignatengsla í sjávarútvegi.

Markmið matvælaráðherra með kortlagningu á stjórnunar- og eignatengslum í sjávarútvegi eru að stuðla að:

- Gagnsæi í eignarhaldi sjávarútvegsfyrirtækja
- Upplýstri stefnumótun stjórnvalda um regluumgjörð sjávarútvegs og breytingar á henni
- Því að á hverjum tíma sé farið að lögum og reglum á þessu sviði.

2. gr.

Verkefnið

Samkeppniseftirlitið leiðir samstarf við Fiskistofu, Skattinn og Seðlabanka Íslands um kortlagningu stjórnunar- og eignatengsla í sjávarútvegi, sbr. viljayfirlýsingu þessara stofnana, matvælaráðuneytisins, menningar- og viðskiptaráðuneytisins og fjármála- og efnahagsráðuneytisins sem er fylgiskjal nr. 1 með samningi þessum.

Kortlagningin þarf að uppfylla eftirtalin skilyrði:

1. Hún taki til allra fyrirtækja sem fengið hafa úthlutun aflaheimilda með ákveðnum stærðartakmörkunum sem ákveðin verða á fyrstu stigum verkefnisins.
2. Hún varpi ljósi á eignarhald eins sjávarútvegsfyrirtækis (eða aðila, eins eða fleiri, sem hefur eða hafa yfirlit yfir sjávarútvegsfyrirtæki) í öðrum sjávarútvegsfyrirtækjum.
3. Hún varpi ljósi á eignarhald eins sjávarútvegsfyrirtækis (aðila, eins eða fleiri, sem hefur eða hafa yfirlit yfir sjávarútvegsfyrirtæki) í öðrum fyrirtækjum hér á landi, án tillits til þess á hvaða sviði þau starfa.

4. Hún varpi ljósi á áhrifavald eigenda sjávarútvegsfyrirtækja í gegnum beitingu atkvæðisréttar og stjórnarsetu í fyrirtækjum, sbr. afmörkun í liðum 2 og 3.
5. Hún auki gagnsæi um stjórnunar- og eignatengsl sem rakin eru í liðum 1-4.
6. Hún nýtist stjórnvöldum sem hafa hlutverki og skyldum að gegna samkvæmt kafla 2 hér að framan, bæði við þekkingaruppbyggingu og við beitingu lagafyrirmæla á viðkomandi sviði. Í þessu felst m.a. að tryggt sé að viðkomandi stjórnvöld geti nýtt upplýsingar sem verða til við kortlagninguna í sínum athugunum og að sjálfstæði eftirlitsstofnana til eftirlits og ákvarðanatöku verði ekki skert á neinn hátt.
7. Hún nýtist stjórnvöldum í stefnumótun sinni.

Verkátun verkefnisins er í fylgiskjali 2 með samningi þessum.

3. gr.

Sjálfstæði Samkeppniseftirlitsins

Samkeppniseftirlitið er sjálfstæð stofnun skv. samkeppnislögum nr. 44/2005. Við framkvæmd verkefnis samkvæmt þessum samningi verður tryggt að aðkoma ráðuneytisins skerði á engan hátt sjálfstæði Samkeppniseftirlitsins. Samkeppniseftirlitið getur þannig nýtt gögn sem aflað verður í þessu verkefni til frekari rannsóknna og e.a. íhlutunar á grundvelli eftirlitsheimilda.

4. gr.

Gildistími og skil

Samningur þessi gildir frá undirritun þessa samnings til 31. desember 2023. Samkeppniseftirlitið skal skila matvælaráðuneytinu skýrslu með niðurstöðum sínum eigi síðar en 31. desember 2023. Samkeppniseftirlitið greinir matvælaráðuneytinu frá stöðu verkefnisins reglulega á meðan á samningstíma stendur.

5. gr.

Hlutverk matvælaráðuneytisins

Matvælaráðuneytið greiðir umsamda fjárhæð eins og nánar greinir í samningi þessum. Ráðuneytið hefur rétt á að stöðva millifærslur eða fresta þeim telji það framkvæmd verkefnisins ekki í samræmi við verkátun.

6. gr.

Greiðslur og greiðslutilhögun

Ráðuneytið greiðir af fjárlagalið 04-XXX til Samkeppniseftirlitsins kr. 30.000.000 (þrjátíu milljónir króna 00/100), án virðisaukaskatts á samningstíma, og verður ekki um frekari greiðslur að ræða. Fjórðungur greiðslunnar skal greiðast í lok árs 2022, fjórðungur fyrir lok apríl 2023, fjórðungur fyrir lok ágúst 2023 og fjórðungur fyrir lok árs 2023.

Ráðuneytið skal greiða fjárhæðir vegna samnings þessa samkvæmt reikningum frá Samkeppniseftirlitinu og skulu reikningar berast á XML-formi í gegnum rafræna skeytamiðlu. Reikningum skal fylgja stutt samantekt um samningsverkefnið á viðkomandi tímabili sem inniheldur tímaskráningu og sundurliðun vinnuframlags/kostnaðar. Greiðslur eru háðar því að samningsverkefninu miði áfram með eðlilegum hætti og hraða, sbr. verkátun. Lokagreiðsla er háð skilum á lokaskýrslu vegna verkefnisins.

Heildarfjárskuldbindingar ráðuneytisins takmarkast á samningstímanum við þær fjárhæðir sem tilgreindar eru í samningi þessum. Ráðuneytið mun ekki greiða dráttarvexti ef greiðsla dregst og greiðslur bera hvorki vexti né verðtryggingu.

7. gr.

Framsäl

Samkeppniseftirlitinu er með öllu óheimilt að framselja réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum, hvort sem er að hluta eða öllu leyti.

8. gr.

Vanefndir

Verði Samkeppniseftirlitið staðið að verulegum vanefndum við framkvæmd samningsverkefnisins getur ráðuneytið, auk þess að fresta greiðslum eða stöðva þær, ákveðið að rifta samningi þessum. Riftun skal lýst yfir skriflega og slík tilkynning send Samkeppniseftirlitinu með sannanlegum hætti.

9. gr.

Ýmis ákvæði

Rísi mál vegna samnings þessa skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða frumrit og skulu þau varðveitt hjá samningsaðilum, eitt hjá hvorum. Öllu framangreindu til staðfestu rita til þess bærir forsvarsmenn aðila nöfn sín hér að neðan.

Reykjavík, X. september

F.h. matvælaráðuneytisins:

F.h. Samkeppniseftirlitsins:

Benedikt Árnason

Páll Gunnar Pálsson

Meðfylgjandi:

Fylgiskjal 1: Viljayfirlýsing um sameiginlegan gagnagrunn um stjórnunar- og eignatengsl í íslensku atvinnulífi

Fylgiskjal 1: Verkáætlun

MAR - BÁ - 19. ágúst 2022

Kostnaður vegna samnings við Samkeppniseftirlitið

<u>Gagnagrunnssérfræðingur</u>	
Mánaðarlaun	1.300.000
Mótframlag í lífeyrissjóð (11,5%)	149.500
Mótframlag í séreign (2%)	26.000
Tryggingagjald (6,35%)	82.550
Virk (0,1%)	1.300
<u>Samtals laun</u>	<u>1.559.350</u>
<u>Annar kostnaður</u>	<u>315.650</u>
<u>Samtals</u>	<u>1.875.000</u>
Kostnaður í 16 mánuði	30.000.000